

## Haflíði Guðmundsson

hreppstjóri.

I.

Höfðingsmannsins hér er sæti  
hjúi sorgar dökkum klætt.  
Berast skal á brott hinn mæti,  
blómi' og prýði' í sinni ætt.

Tryggur faðir, traustur maki  
trúr og dyggur sinni stétt;  
hefir undir þessu þaki  
þrautir sinna vana létt.

Héðan lengi hollum ráðum  
hefir stjórnað bygð og sveit.  
Margan upp af eigin dáðum  
ávöxt fagran spretta leit.

Peirra, geymir sagan sóma,  
sem að þjóðin besta á.  
Nafn þitt mun þar líka ljóma  
lengi, ár þó hverfi hjá.

Þakkar kveðju þýða sendir  
þú til vina, fjær og nær.  
Og á fagra eilífð bendir  
öllum, sem að varstu kær.

II.

Nú kveður ekkjan kæra vininn  
með klökkum hug, í dyrum ranns.  
Hún man þig ungan æskuhlyninn  
og eins með þrótt hins vaxna manns  
Hún segir: Ætíð ástin þín,  
var aðal lífsins sæla mín.

Á milli funda mun ei lengi,  
ei mér er lífið framar kært.  
En meðan lífi megna engi  
þá minning deyfa, er ljómar skært  
Að eg var þín og þú varst minn,  
er þjaka vildi heimurinn.

Á hvörmum barna titra tárin  
er tregi hjartað sárum slær.  
Þau þakka fyrir ótal árin,  
er allri sorg þú bægðir fjær  
Þau segja: Dýrast dæmi þitt,  
skal dreyfa geisla' á lífsstarf mitt.

Peir menn er lengi með þér unnu  
að menning þeirri sem býr hér.  
Er vit og þrek þitt virða kunnu  
og vildu starfa helst með þér.  
Peir glöggast finna í skildi skarð  
og skilja verka þinna arð.

Til grafar nú skal göngu taka  
og geyma lík í djúpri þró.  
Þó hverfi það, samt vonir vaka  
er veita huggun, líkn og fró.  
Að andi þinn sé ofar jörð,  
í uppheim flytji þakkargjörð.

**Hannes Jónasson.**

## Ur bænum.

## Afmæli

15. maí Ólöf Jónsdóttir, húsrú.

## Jarðarför

Hafl. heitins Guðmundssonar fór  
fram 4. þ. m., og voru kvæði þau  
sem hér eru í blaðinu bæði sungin.  
Kvæði Hannesar Jónassonar á heim-  
ili hins látna, en kvæði Páls J.  
Árdals í kirkjunni og söng Chr.  
L. Möller sóló síðari hluta þess.  
Í kirkjunni talaði, auk sóknarprests-  
ins, séra Tómas Bjarnason nokkur  
hjartnæm skilnaðarorð, er sýndu,  
að þar talaði vinur um vin. — Á  
þriðja hundrað manns mun hafa  
fylgt honum til grafar.

## Hlutavelta

sjúkrasamlagsins verður á morg-  
un, eins og auglýst er á öðrum  
stað í blaðinu. Þar eru margir góð-  
ir drættir. Þó nokkrir sem kosta  
frá 10 til 20 krónur hver.

## Í hreppsnefnd

á að kjósa 1 mann til næstu  
tveggja ára í stað Hafl. heitins  
Guðmundssonar, og á kostningin  
að fara fram 19. þ. m. (næsta laug-  
ardag) Um úrslitinn skal engu spáð  
hér, en aðeins beina því til verka-  
mannanna, að þeir ættu að nota  
þetta tækifæri til þess að koma að  
manni úr sinni stétt, það myndi  
ekki vera verra en að bæta við  
einum kaupmanninum enn.

## Barnslát.

Ólöf Barðadóttir og Willh. M.  
Jónsson urðu nýlega fyrir þeirri  
sáru sorg að missa yngsta barnið  
sitt, nokkra vikna gamalt. — Það  
verður jarðsungið 18. þ. m.

## Flóra

kom hingað í gær, sunnan og  
vestanum land. Lítið hafði hún hinga-  
að af vörum en æði marga farþega.  
— Af þeim sem hingað komu höf-  
um vér heyrt getið um þessa. G.  
Blomkvist, með yfir 20 verkamenn,  
Beinteinn Bjarnason Hvanneyri, Hjalti  
Jónsson skipstj., Alfons Jónsson, en  
fleiri munu hafa komið.

## Sparisjóður

Sigluþjardar hefir nýlega haldið  
aðalfund sinn, — sem á þó að vera í  
janúar. — Í stjórn hans voru þeir  
Helgi Haflíðason og Gunnl. Þor-  
finnsson kosnir í stað Páls heit.  
á Mói og Hafl. heit. Guðmunds-  
sonar. — Formaður var kosinn Jón  
Guðmundsson verslunarstj., og  
varaformaður H. Haflíðason. Gjald-  
keri endurkosinn, séra B. Þorsteins-  
son.

Rússnesku stórfurstarinn hafa af-  
salað sér öllum réttindum, sem tign  
þeirra fylgdu. Þeir fylgja allir nýju  
stjórninni að málum.

Fyrsta vopnað kaupfar Bandarík-  
janna, kom til Liverpool 27. marz.

## Erlendar símfrettir.

Khöfn 28. apríl.

Bólan er komin til Kaupmannahafnar.

Bretar hafa tekið þorpið Achewille á vesturvígst.  
Austurríkiskeisari hefir lofað Ungverjum auknum  
kosningarrétti.

Khöfn 1. maí.

Óþekt flugvél hefir varpað sprengikúlum á Lierikzee  
á Hollandi og valdið miklu tjóni.

Stórskotaliðsviðureign heldur áfram hjá Arras.

Frakkar hefja aftur ákafa sókn milli Soissons og Rheims

Khöfn 2. maí.

50 þús. manns tóku þátt í maí- „demonstrationum“  
í Stockhólmi, en þar fór alt friðsamlega fram. Er það  
pakkað Branting jafnaðarmannaforingja.

Nokkur uppþot hafa orðið í Kaupm.höfn. og nokkr-  
ir menn handteknir.

Kafbátahernaðurinn fer versnandi, fleiri skipum sökt.

Khöfn 3. maí.

Á vesturvígstöðvunum hafa bandamenn tekið 40  
þúsund fanga í apríl.

80 norskum skipum var sökt í apríl.

Síðustu viku var 51 skipi sökt alls.

Khöfn 4. maí.

Bretar hafa tekið nokkur vígi báðu megin í Skorpe-  
dalnum.

Í apríl var 303 skipum sökt alls.

Khöfn 5. maí.

Sambandsráð verka- og hermanna í Petrograð hef-  
ir mótmælt yfirlýsingu stjórnarinnar, um að sérfríður  
verði ekki saminn, og krefjast þess að Miljukoff utan-  
ríkisráðherra víki úr stjórninni.

Khöfn 6. maí.

Alvarlegar óeirðir í ýmsum borgum Svíþjóðar út af  
matarskortu, og hefir lögreglan átt í skærum við Stock-  
holmsbúa, og margir særst.

Samkomulag er komið á milli verkamanna og ráða-  
neytisins í Petrograð um að semja ekki sérfríð.

Khöfn 7. maí.

Bandamenn hafa náð öllum þýðingarmestu stöðv-  
unum milli Lens og Moronilliers og tekið 6 þúsund  
fanga. Frakkar segja 100 þús. fallna Þjóðverja á vígv.

Khöfn 9. maí.

Borgberg er kominn til Petrograð til að birta upp-  
ástungu þýskra jafnaðarmanna til samkomulags um  
frið, Helstu atriðin eru þessi: Alþjóðdagjörðardómur á-  
kveði framtíð Póllands, samkvæmt þjóðaratkvæði verði  
ákveðin landamæri Elsass-Lothringen, Serbía fái að-  
gang að Adríahafi, Þjóðverjar enga landvinninga og  
kanske að þýska stjórnin fari frá völdum, Búlgaría fái  
aftur land það er hún misti 1912.

Khöfn 10. maí.

Ákafar orustur hafa verið í Makadoníu.

Branting, sænski jafnaðarm., átelur framk. Borgberg.

Síðan ófríðurinn hófst, hafa 80  
skip farist sem heima áttu í Berg-  
en, og báru samt. 125,000 smál.